

Hallland, landnr. 152894 Svalbarðsstrandarhreppi

FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG Á ÍBÚÐARSVÆÐI


Íb 15

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 2. MGR. 40. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

Forsendur

Samkvæmt aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhr. 2008-2020 sem samþykkt var af sveitarstjórn 17.07.2008, er gert ráð fyrir íbúðarsvæði í landi Halllands (Íb 15) um 3,2 ha að stærð. Eigandur jarðarinar hafa nú áform um að láta gera deiliskipulag fyrir syðri hluta svæðisins.



Úrklippa úr aðalskipulagi 2008-2020

Skipulagsleg staða og staðhættir

Svæðið liggur austan Þjóðveggar 1 til norðausturs eftir klapparhjala frá læk sem rennur rétt norðan við tengingu Veigastaðavegar nr. 828 við Þjóðveg 1.

Syðsti hluti svæðisins eru gamlir túnblettir sem hættu er að nýta sem slíka, en ytri hlutinn er að mestu klapparholt með smá mýrardragi sem liggur gegnum svæðið norðantil. Áður en núverandi aðalskipulag tók gildi var búið að afmarka eina íbúðarlóð innan þessa svæðis og í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að skipuleggja lóðir fyrir 5-6 hús á syðri hluta svæðisins þ.e. þrjár fyrir austan götuna að þeirri lóð meðtalinni sem fyrir er og 2-3 vestan hennar að lækjardragi sem skiptir svæðinu. Nú þegar hefur verið lagður vegur gegnum svæðið sem veitt var framkvæmdaleyfi fyrir 13. maí 2014 sbr. bókun skipulagsnefndar frá 8. maí 2014, og er hann jafnframt nýttur sem túnvegur fyrir búrekstur á jörðinni. Ekki er til deiliskipulag fyrir jörðina Hallland.

Forminjar


Innan skipulagssvæðisins eru ekki vitað um skráðar fornminjar.

Aðkoma

Aðkoma verður af Veigastaðavegi nr. 828 sem tengist Þjóðvegi 1.

Byggingar

Á hverri lóð verður heimilt að reisa eitt einbýlishús og má gera ráð fyrir að hús austan götunnar verði á tveimur hæðum eða ein hæð og kjallari vegna nokkuð mikils landhalla þar.



Afstöðumynd af svæðinu

Skipulagsferli

Áætlaður tímarammi:

1. – 20. apr. 2016. Kynning á lýsingu að skipulagsverkefninu.

1. apr.– 15. maí. 2016. Unnið að tillögu að deiliskipulagi.

18. maí. 2016 Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar, kynnt íbúum og hagsmunaaðilum og eftir það afgreidd af sveitarstjórn þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

1. júní – 15. júlí 2016 Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.

1. - 20. ág. 2016. Tillaga að deiliskipulagi afgreidd af sveitarstjórn.

1. - 10. sept. 2016 Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun. Að því loknu öðlast deiliskipulagið gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Gögn deiliskipulags

Deiliskipulagið mun samstanda af eftirtöldum gögnum:

- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:2000, ásamt greinargerð.

Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar:

- Skipulagsstofnun
Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna fráveitu og neysluvatns.
- Minjastofnun Íslands
Vegna fornminja ef þær er að finna innan svæðisins.

Lýsing þessi verður kynnt almenningi í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og vera aðgengileg á heimasíðu þess.

18. mars 2016